



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Stæði- og sleppistæði við leik- og grunnskóla (US200151).**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. júní sl., var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fjölda stæða og sleppistæða við leikskóla og grunnskóla borgarinnar og hvað mörg eru yfirbyggð. Í ljósi þess að borgarmeirihlutinn er að fækka stæðum við einstaka leikskóla í ákveðnu deiliskipulagi er vísað í Reglur um fjölda bílastæða í Reykjavík. Í þeim segir m.a. að gera eigi ráð fyrir 0,2 - 0,5 bílastæði á starf, og gera þarf ráð fyrir mun fleirum stæðum eða sleppistæðum við leikskóla og lægri deildir grunnskóla þar sem meiri líkur eru á að börnum í neðri deildum er skutlað í skólann. Mælt er með því að helmingur stæða sé yfirbyggð. Fjöldi stæða skal vera 0,4 stæði/starfsmann og 20 stæði/100 börn. Við Grunnskóla er stæði fyrir starfsmenn plús sleppistæði allt að 60 á 100 nemendur. Fulltrúa Flokks fólksins hefur borist ábendingar frá foreldrum um að stæði fyrir framan suma leikskóla eru of fá og stundum myndist vandræðaástand á álagstímum.*

Skipulags- og samgönguráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2018, reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, mál ráðsins nr. US180449.

Eftirfarandi reglur gilda um fjölda **bílastæða** við skóla í Reykjavík:

Leikskólar	Stæði fyrir starfsmenn og sleppistæði: Metið í samgöngumati.
Grunnskólar og framhaldsskólar	Stæði fyrir starfsmenn og sleppistæði: Metið í samgöngumati.
Háskólar	Stæði fyrir starfsmenn og nemendur: Metið í samgöngumati.

Til viðmiðunar má gera ráð fyrir 0,2 - 0,5 bílastæðum á starf, þó gera þurfi ráð fyrir fleiri bílastæðum eða sleppistæðum við leikskóla og lægri deildir grunnskóla. Að öðru leyti skal einungis útvega bílastæði fyrir starfsmenn og hreyfihamlaða við skóla en frekara mat á fjölda bílastæða fer fram í samgöngumati.

Eftirfarandi reglur gilda um fjölda **hjólasteræða** við skóla í Reykjavík:

Leikskólar	0,4 hjólasteræði á starfsmann + 20 hjólasteræði á hverja 100 nemendur
Grunnskólar og framhaldsskólar	30 - 60 hjólasteræði á hverja 100 nemendur
Háskólar	30 - 60 hjólasteræði á hverja 100 nemendur

Við leikskóla skal hönnun hjólasteræða einnig nýtast til að geyma hjólavagna og kerrur. Gera skal ráð fyrir að 90% hjólasteræða séu í læstu rými og að 10% stæræða séu staðsett næst inngangi fyrir gesti.

Við grunn-, framhalds- og háskóla skal gera ráð fyrir að 20% hjólasteræða séu í læstu rými og að 80% stæræða séu staðsett næst inngangi fyrir gesti. Mælt er með því að helmingur hjólasteræða við inngang sé yfirbyggður.

Til eru upplýsingar um fjölda bílastæræða í Reykjavík en ekki er fyrirbyggjandi hjá skrifstofunni samantekt um fjölda bíla- og hjólasteræða sundurliðuð eftir skólum. Reykjavíkurborg hefur bætt við sleppistæræðum hjá leikskólum þar sem þörf hefur verið talin á og íbúum er ávallt velkomið að koma ábendingum um slíkt á framfæri.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri